

Aðalfundur LÍ
8. og 9. nóvember 2018

Ályktun **um stuðning við kröfur Læknafélags Reykjavíkur**

Aðalfundur LÍ haldinn í Kópavogi 8.og 9. nóvember 2018 lýsir yfir stuðningi við kröfur Læknafélags Reykjavíkur um gerð nýs samnings milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sérgreinalækna um sérfræðilæknisþjónustu. Aðalfundurinn hvetur heilbrigðisráðherra til að beita sér fyrir því að nýr samningur verði gerður áður en sá sem nú er í gildi rennur út um næstu áramót. Mikilvægur þáttur samnings SÍ við sérgreinalækna þarf að vera skilvirk og fagleg umgjörð um nýliðun lækna án pólitískra afskipta. Án samnings SÍ við sérgreinalækna telur LÍ að hætta aukist á mismunun á aðgengi að læknisþjónustu á grunni efnahags. Einnig gæti orðið viðvarandi skortur á læknisþjónustu eða hún flytjist úr landi.